Old Chum

CUT PLUG.

OLD CHUM

PLUG.

Engin tóbakstegund hefir selzt jafnfljótt og fengið eins mikla almennings hylli á jafn stuttum tíma, sem þessi tegund af Cut Plug og Plug Tóbaki.

S. Ritchie & Co

MONTREAL.

In cases of Diphtheria Delay is Dangerous

PERRY DAVIS' PAIN KILLER will quickly cure Diphtheria, Quinsy, Coughs, Colds, and Sore Throat.

25¢ BOTTLE.

Do You Write for the Papers?

If you do, you should have **THE LADDER OF JOURNALISM**, a Text-Book for Correspondents, Reporters, Editors and General Writers.

PRICE, 50 CENTS.

SENT ON RECEIPT OF PRICE, BY

ALLAN FORMAN,

117 NASSAU STREET, NEW YORK, N. Y.

State where you saw this and you will receive a handsome lithograph for framing.

Tekjur allra járnbrautanna til samans vóru $51,685,000, en kostnaðr við flutning og umferð $36,488,000. Tekjur umfram gjöld $15,000,000. Farþegjar flutt: á árinu 18,533,000; farmr flutt 22,000,000 tons. 24 farþegjar létust af slysum á árinu. — Milnstal C. P. R félagsins er 5533; farþegjar á árinu 3,150,000. Milnatal Gr. Trunk fél. er 3157; farþegjatala á árinu 5,900,000. Meðalhraði farþegjalesta var á C. P. R. 27 milur á stundu, en á G. T. R. 20 milur.—Samlögð ferð allra lesta á C. P. R. á árinu var 14,294,000 milur, en á G. T. R. 16,741,000 milur.—C. P. R. flutti 2,355,000 tunnur af méll, en G. T. R. 5,833,000. C. P. R. flutti 28,528,000 bush. af ómöluðu korni, en G. T. R. 60,407,000 bush.—Af alls konar farmi flutti G. T. R. 8,249,000 tons, en C. P. R. 4,058,000.—Af þeim 22,000,000 tons, sem farmr flutt var með öllum járnbrautum í Canada nam samtals, var: korn 2,645,000 tons; méll 1,284,000 tons; timbr 3,338,000 tons; lifandi peningr 2,708,000 tons; eldiviðr (brenni) 895,5000 tons; verksmiðjuvarningr 2,708,000 tons; allr annar farmr 9,145,000 tons. —Tekjur C. P. R. fél. vóru: fyrir farm $13,091,000; farþegja $5,569,000; póstflutning og express-sendingar $768,828; aðrar tekjur $1,419,000; tekjur alls $20,789,000; hreinar tekjur $8,347,000.—Grand Trunk fél. tekjur var: fyrir farm $11,621,000; farþegja $5,463,000; póstflutning og express-sendingar $676,675; tekjur alls $17,761,000; hreinar tekjur $4,971,000.

Alls dóu af slysförum á járnbrautunum síðasti. ár 233 menn, en 879 meiddust. Á C. P. R. biðu bana 6 farþegjar og 85 aðrir; á G. T. R. 4 farþegjar og 89 aðrir. — Á blá-bókunum sést, að Quebec & Lake St. John járnbrautin (sem Caron's-hneykslið reis út af) fékk í styrk-meðlög (*bonuses*) úr ýmsum áttum samtals yfir fjórar miliónir dollara (þar af yfir milión frá Dominion stjórninni), eða um $20,000 meira fyrir hverja mílu, en hugsanlegt er að með nokkru móti hafi kostað að leggja hana.

[MONTREAL DAILY WITNESS].

Það er sagt að Bismarck gamli eigi $50,000 virði í hlutabréfum í sporvagnafélaginu í Milwaukee, Wis.

[NORDVESTEN].

ÁRÍÐANDI AÐ ALLIR MÆTI.

Íslenzka verkmannafél. heldr sinn vanalega fund í Íslendingafél.húsinu á Jemima Str. í kveld 8. þ. m. kl. 8.

Eins og kunnugt er hafa nokkrir félagsmanna orðið fyrir slysum, og einn beðið buna. Verðr það sér staklega umræðuefni fundarins, og því æskilegt að allir félagsmenn mæti.

J. Bildfell forseti.

FREE DEED **FREE** trip to view the property to 5 acre holders. **$40 PER YEAR** guaranteed you, when irrigation begins We plant teh land for you FREE pay the labor and taxes for half what we raise, after **you get $40.** We make statement under oath, promptly send your profit after each crop. Will send you the names of 90 persons who last year received from *$25 to $500 each* on one years purchase. We guarantee a free deed, no taxes, no cost for labor or trees, free ticket to view the property and pay you $40 per year, you to help pay for irrigation, as it is of no value without irrigatien. For full details address

CALIFORNIA LAND AND WATER EXCHANGE,
Dayton, Ohio.

Álfahvammur.

Eftir *G. A. Dalmann*,
Minneota, Minn.

Framhald.

Ég ætla að hjálpa ykkr Jóni, taktu nú vel eftir. Samkvæmt öllum þeim lögum, er ég þekki, getr eigi farið hjá því, að komandi vetr verðr sá harðasti, er komið hefir í manna minnum. Það mun verða sträfellir í þinni sveit nema við sé gert; farðu í dag til föður Jóns og segðu honum, að kona frá sedra heimi hafi birst þér og beðið þig að segja honum, að hann skyldi láta helming fjár sins á markað eða löga því á hvern annan hátt, er honum sé hagkvæmast. Trúi hann þér ekki, skaltu segja honum að hann skuli hafa það til marks, að það rigni áðr en klukkan er sex í kveld, og eins sannarlega verði komandi vetr fellisvetr. Hann er maðr harðsvíraðr, hjátrúarfullr og eigingjarn; hann mun finna það út þegar fram líða stundir að ráðleggingar þínar verða honum að stórfé; hann mun álita það gróðaveg að þú tengist honum. Þið Jón munuð giftast og verða lánsöm; en gættu þess vandlega, að láta engan blett falla á þinn andlega búning. Gleymdu því aldrei, að hverri synd fylgir hegning og hver einstaklingr uppsker nákvæmlega það sem hann sáir. Gætir þú yfirgefið líkamann nú, mundi þér líða betr en þú hefir nokkra hugmynd um, en sárfátt mundi þér blöskra þín eigin vanþekking; þú mundir smámsaman læra að skilja að allar syndir smáar og stórar eru ávextir vanþekkingarinnar; fáfræðismyrkrið grúfir yfir þjóðunum þann dag í dag með ógnarlegum þunga og hræðilegum kulda, og þó eru menn að tala um lærdóm og heimspeki. Þeir segja að sól vísindanna sé komin hátt á loft, en ég segi þér satt, in sanna vísindasól er ekki runnin upp enn, en það roðar fyrir henni; annað hvort er það villuljós, er þeir sjá, eða þeir ljúga af ásettu ráði í þá, sem standa þeim skör neðar í heimsþekking. Nú hlýt ég að yfirgefa þig, því skyldur mínar verð ég að uppfylla. Ég varði tímanum illa meðan ég dvaldi í mannheimi, og því verð eg að leggja hart að mér nú, en það er sætt að geta geta verið til góðs, að geta gefið inum fáfróðu, er til vor koma, heilnæmar bendingar. Ég sé þér dettr í hug að biðja mig að taka þig til heimkynna ljóssins, en það er ekki rétt af þér að æskja þess, það er skylda þín að lifa eða dvelja á jörðunni eins lengi og þú getr og fara eins vel með líkamann, er þú dvelr í, og framast má verða; þú verðr að fullkomna þitt atriði á leiksviði þessa lífs, tilvera þín er ekki nein tilviljun, heldr er það eins og alt annað háð eilífum lögum. Mennirnir brjóta þessi lög og standa í sínu eigin ljósi, af því þá vantar þekking; þeir hlýða ekki rödd guðs, er við köllum, en þið kallið samvizku.

Hvernig eigum við. að þekkja þetta eilífa lögmál? spyr þú. Ó, það er til eilífr miskunnsemdanna útsær, er aldrei tjarar; við erum dropar af þessum sjó. Enginn hlutr er oss kærari en að hjálpa ykkr moldarbúum, ef þið vikluð reyna að lyfta ykkr upp á við í staðinn fyrir það sem flestir beita allri atorku í því að þrýsta sér niðr á við. Allir hlutir, er hafa betrandi áhrif á framferði mansins, eru góðir; já, allir hlutir í tilverunni eru góðir, en af fáfræði breytir maðrinn þeim, og svo gripa in eilífu inn lög í og útfallið verðr æ ið sama, að verkmaðrinn verðr að líkjast orsökinni.

Farðu nú heim, barn, sofnaðu rótt og mundu alt, er ég hefi sagt þér. Breyttu í öllu eftir mínum ráðum. Ég sé að þú verðr smátt og smátt viðkvæmari; ég hefi því von um að ég geti talað við þig þegar fram líða stundir, þótt kringumstæðurnar verði ekki eins ákjósanlegar og þær eru nú; þó er óvíst að þú getir séð mig framvegis.

Jón kemr ekki í nótt, hann sofnaði sjálfr á meðan hann var að bíða eftir að aðrir sofnuðu, svo að hann gæti komist á fund þinn, án þess nokkur vissi af, en mér tókst að svæfa hann; hann sefr nú rótt, en sál hans er hér hja okkr, þó án verulegrar meðvitundar, því segulbönd líkamamans halda henni í einskonar ósjálfstæðu ástandi. Og enn aftr, mín elskuleg! Ég verð að fara: tíminn er eilífr, en þó svo dýrmætr; geimirinn er endalaus, en þó fyltr af eilífum frumefnum af mismunandi tegundum, öll framleidd af inum óraunsakanlega almætti-iskrafti, er fyllir alla tilveruna.

Svo var eins og ofrlítill audvari kæmi, lágfættr eyrarrósa krans titraði þar sem konan hafði staðið, er var nú horfin.

Helga sat og hugsaði vandlega þessa vitran. Þetta var enginn draumr, hún var eins vel vakandi eins og hún hafði verið nokkru sinni áðr; svo var komin breyting á hana sjálfa, hún hafði áðr verið svo kvíðafull fyrir inni komandi tíð, en nú fanst henni hún hafa nægan kraft til að berjast gegn viðburðanna rás og sigra. Hún var sannfærð um að hún gæti látið gott af sér leiða, og vaninn hvísladi að henni að verið gæti að hún yrði meðal í alvizkunnar hendi til að framleiða sannindi, er orpin vóru sorpi vanþekkingarinnar. Hún gekk heim til sín, full auðmýktar og lotningar fyrir inu mikla óhugsanlega og alstaðar nálæga afli, er vér fáfróðir menn köllum guð.

Það var liðið ár frá nótt þeirri, er vér lýstum hér að framan. Helga sat í hægindastól í beztu stofunni á Hóli, er var verulegt skrauthýsi eftir því er vanalega gerist upp til sveita á Íslandi. Helga var miklu sællegri en hún hafði verið fyrir ári síðan, einnig mikið betr klædd, en þó án als glingrs. Hún studdi hönd undir kinn og var sokkin niðr í sínar hugsanir; hún var að rifja upp fyrir sér alt það er fram við hana hafði komið á síðastliðnu ári. Hún færði auðkýfingnum boðskapinn eins og henni var upp á lagt, en hann varð fár við. Er hann sá að regnið kom, eins og spáð var, fór hann að hugsa málið með meiri alvöru. Eitt var víst, að engum dauðlegum manni gat komið til hugar að það mundi rigna úr slíku útliti. Hann trúði náttúrlega á huldufólk, drauga og forynjur, eins og loðir við hjá öllum óupplýstum mönnum—þeir trúa í hjartans einlægni öllu nema sannleikanum, hann hafa þeir ekkert brúk fyrir. Riki maðrinn gerði sér grein fyrir þessu á þann hátt, að það hefði verið huldukonan í honum Álfahvammi er hefði sagt Helgu þetta. Það var svo sem auðvitað, að allir einkennilegir klettar og holar vóru fullir af þesshattar yfirnátturlegum verum, er vissu alla hluti í jörðu og á. Hann sá það í hendi sinni, að þetta gat orðið búhnykkr að fækka fénu með því líka að verð á sauðum var í betra lagi. Hann seldi því yfir helming af fé sínu og allir eða flestir bændr í sveitinni gerðuið sama, því þó allir vissu að maðrinn var sauðr að viti, þá varð því ekki neitað, að hann var bezti búmaðr og glurinn í ýmsum búhnykkjum, enda vóru þeir nokkrir, er lögðu trúnað á álfkonu-boðskapinn.

Vetrinn byrjaði seint í September og mátti svo segja, að varla linti stórhriðum þar til á sumardaginn fyrsta. Mennstrafeldu gripi sína í nærliggjandi svnitum, en í þessari sveit komust menn rétt af. Allir sáu það í hendi sinni, að ef fénu hefði ekki verið fækkað fremr venju, þá hefði alt farið. Allir bændr blessuðu Helgu og sögðu, að hún hefði bjargað sveitinni með vitran sinni. Ríki bóndinn sá að þetta var satt, auðvitað gleymdi hann því aldrei, að hún hefði verið beðin að að skila þessu til hans, en svo fór hann að hugsa málið frá annari hlið. Hann hafði grætt stórfé á þessu í þetta sinn og slíkt gat komið fyrir aftr. Það var betra að koma sér vel við Helgu, svo að hún svikist ekki um að skila öllum ordsendingum. Það var líka eins líklegt að Helga væri bezta bukonuefni, úr því álfkonan útvaldi hana til að flytja svona mikilsvarðandi málefni. Hann kallar því son sinn fyrir sig einn dag um vorið og segir honum, að ef hann sé ekki búinn að breyta skoðun sinni gagnvart Helgu, þá skuli hann fara og sækja hana og frelsa hana úr sultinum í Koti; hann ætlaði sér að vera henni góðr, og ekki þyrfti hún að ganga á engjar, en búsýslu yrði hún að stunda með húsfreyju.

(Niðrl. næst)

ÍSLENZKR LÆKNIR:

Dr. M. Halldorsson.

Park River, — — — N. Dak.

—— Athugið. ——

Pósturinn milli **West Selkirk** og **Icelandic River** fer frá Selkirk kl. 7 á hverjum þriðjudagsmorgni og kemr til Icelandic River á miðvikudagskveld. Fer frá Icel. River á leið til Selkirk kl. 7 hvern fimtudags morgun, og kemr til Selkirk á föstudags kveld.

Fargjald verðrið sama og áðr hefir verið. Upplýsingar viðvíkjandi flutningi með póstvagninum frá og til Selkirk fást hjá

GEO. DICKINSON og
CHR. WATERSON

sem flytr póstinn.

SUNNANFARI. Útsölumenn SUNNANFARA í vestrheimi eru: Chr. Ólafsson, 575 Main Str., Winnipeg; Sigfús Bergmann, Garðar, N. D.; G. S. Sigurðsson Minneota, Minn., og G. M. Thompson Gimli, Man. Hr. Chr. Ólafsson er aðalútsölumaðr blaðsins í Canada og hefir einn útsölu á því í Vinnipeg. *Verð 1 dollar.*

„EL PADRE" PINS.

[10]

Hefurðu reynt

„CABLE EXTRA" VINDLA?

[9]

HIN

Alkunna Merking

"MUNGO" "KICKER" "CABLE."

Er hvervetna viðrkend að vera í öllu tilliti betri en allrr aðrar tóbakstegundir. In stórkostlega sala þessarar tóbakstegundar sannar betur gæði hennar og ágæti en nokkuð annað, því þrátt fyrir það þótt vér höfum um *hundrað tuttugu og fimm* keppinauta, eykstþó salan stöðugt. Þetta mælir með brúkun þessa tóbaksbetr en nokkuð annað. Vér búum ekki til *ódýra* vindla.

S. DAVIS & SONS

MONTREAL.

Mesta og bezta vindlagerdahus í Canada. [7]

„EL PADRE"

Reina Victoria.

[11]

Vjer lifum á framfara old.

AUGNAMIÐ VORT ERU UMBÆTUR!

Og ekki aftrior.

In nýja merking vor

CABLE EXTRA

er sérstaklega góð og vér leyfum oss að mælast til þess, að tóbaksmenn reyni hana svo þeir geti sannfærst um að framburður vor er sannur.

S. DAVIS & SONS.

No. 14]

og inn mikli Galenus segir, þá eru til þrjár tegundir af henni: *ascites, anasarca* og *tympanites*. Einkenni sjúkdómsins eru: bólga eða þroti í kviðnum, öndugleiki við að anda, lystarleysi og storkunarlegr hósti. Er enginn ykkar sem hefir þennan sjúkdóm? Enginn. Lof sé drottni, að enginn ykkar þjáist af honum.

„Næsti sjúkdómr, sem þetta lyf á við, er *peripneumonia* eðr lungabólga; einkenni þess sjúkdóms eru: dauf slagæð, þroti í augum og óvanalegr roði í andliti. Hefir enginn yðar þessi einkenni? Lof sé drottni, að enginn þjáist af honum.

„En það er líka ágætt lyf við *diarrhoea*; einkenni þess sjúkdóms eru: magnleysi, kveisa, skruðningr í innyflum, kaldr sviti og krampadrættir".

Nú kom fram einn maðr og kvartaði um tíða magaverki; svo kom annar og kvartaði um vindþembu, og loks tveir eða þrir til, sem kvörtuðu um kaldan svita.

„Gott er það. Lof sé drottni að ég er hér sjálfr til að sinna ykkr. Hérna vinir, takið þetta; *relativum cum antecedente concordat*, eins og Hippocrates segir. Jæja, borgið mér einn skilling og verið þakklátir. Og þegar þér gangið til hvílu, þá gleymið ekki að þakka drottni um leið og þið gerið bæn ykkar. — Þetta er líka ágætasta lækning við inni hræðilegu *chiragra* eða gigt. Í fyrri vikunni læknaði ég alla bæjarfulltrúana í Lundúnum af gigt, með því að láta þá taka

þrjár flöskur hvern, og þeir gerðu mig í staðinn að heiðrsborgara Lundúnaborgar og gáfu mér skrautritað borgarabréf í gull-umgerð; því miðr hefir mér gleymzt að taka það með mér í kveld. Nú, það má skifta *chiragra* í þrjár tegundir: *gonagra*, þegar hún fer í hnéu; *chi agra*, ef hún er í höndunum; *onagra*, í öklunum, og *lumbago* í bakinu. Alt eru þetta tegundir af sama sjúkdómi og við þeim öllum eru droparnir í þessari litlu flösku örugt meðal; og minnizt þess, að það heldr sér ódofnað um aldr og æfi. Tuttugu ár hér frá, þegar gigtin þjáir yðr í elli yðar — og sú stund kemr áreiðanlega, gott fólk! — þá getið þér tekið þetta litla glas niðr af hyllunni og blessað stund þá er þér vörðuð þessum skillingi fyrir hana. Eins og Eusebius segir: *Verbum personale concordat cum nominativo*, það er: hraustir menn eldast og fá þjáningar í útlimi sína. Hver ykkar hefir útlimagigt, eða þá *lumbago*? Hver yðar getr sagt að hann muni ekki fá þennan sjúkdóm?"

Eftir þetta ávarp urðu þeir, sem höfðu gigt eða vildu sjá við ókominni gigt í tíma, svo margir, að öll glösin okkar seldust upp á svipstundu, og kynja læknirinn varð að lofa hinum, sem enga úrlausn fengu, að hann skyldi hafa meira til af þessu ómetanlega lyfi eftir einn eða tvo daga.

„Nú vil ég, herrar og frúr, leiða athygli yðar að dýrindis-plástri, sem ég hefi. Verkanir hans ganga kraftaverki næst. Komið þér hérna, Dion-

„Nota það — auðvitað eins og öll önnur dust-lyf. En ég er ekki að gefa neina fyrirsögn um það fyrri en ég hefi selt eitthvað af því. En því lofa ég, að hafi það ekki tilætlaða verkun, þá skal ég skila aftr peningunum".

„Það eru sanngjörn boð, hr. Dionysius; og ég skal sjá um að þér efnið loforðið. Er nokkur, sem vili kaupa lyf fifisins til að drepa flugur?"

„Já, ég skal kaupa eina óskju", svaraði nú maðr einn hlæjandi; „hérna er sexpenningr. Nú, nú, fifi; hvernig á ég nú að nota lyfið?"

„Það skal ég segja þér", svaraði Timóteus og stakk sexpenningnum í vasann. „Fyrst verðr þú að ná flugunni, og svo verðr þú að þrýsta að sliðunum á henni með þumalfingri og vísifingri þangað til hún opnar munninn; þegar hún gapir, lætr þú ofrlitið af þessu dusti upp í hana, og það skal verða hennar bráðr bani".

„Þegar ég er búinn að ná þannig haldi á henni, þá geti ég eins vel drepið hana lyfjalaust".

„O—auðvitað—ef þú kýs það heldr; en ef þú vilt nota dustið til þess, þá er það líka óbrigðult, eins og ég er lifandi maðr".

Allir áhorfendrnir fóru að skellihlægja. Timóteus hélt sexpenningnum, og við hættum svo þetta kveld, og var Melkior vel ánægðr með árangrinn; sagðist hann aldrei áðr hafa fengið svo mikið inu á viku. Við höfðum alt í alt fengið 17 l.10 s., alt í skillingum og sexpenningum, og það fyrir vörur, sem að öllu samtöldu höfðu

von á að taka nú enn nýjar tennr um næstu jól. Öllu sínu lífi hefir hann eytt í þjónustu mannkynsins og til þess að gera gott meðskepnum sínum; og með því að hann hefir meira en þúsund ára reynslu, þá læknar hann meira en þúsund sjúkdóma. Herrar mínir! Í kveld mun kynjalæknirinn birtast yðr sjálfr, og þá mun hann segja yðr, við hverju lyf hans eiga hvert um sig, svo að hver geti kosið sér heilsumeðal eftir því, hvað að honum gengr. Og þið, háttvirtu konur! Ykkr getr kynjalæknirinn hjálpað. Hann hefir leyndardómsfull lyf, sem geta uppfylt óskir yðar, ef þið eruð barnlausar, en óskið að ykkr verði barna auðið. Hann hefir ástardrykk, sem snýr hug þess karlmanns til yðar, sem drekkr hann; lyf, sem gera eiginmenn konum sínum trúa, og smyrsl, sem gera þá blinda, svo þeir sjá ekki, að, sem konan vill leyna þá. Áðurði hefir hann og, sem eyða freknum, lækna útbrot og gera yðr ungar og fagrar á ný; einnig lyfja-dust handa börnum, sem gera þau þæg, svo þau hætta skælum og vælum. Blástu nú básúnuna, Philotas, og láttu hvern mann vita, að kynjalæknirinn Appallacheosmocommetico hefir heitið að standa hér við um litla hríð í þessu þorpi, svo að íbúar þess geti orðið aðnjótandi hans blessunarríku velgerða".

Að svo mæltu tók Numm til að blása básúnuna þar til er hann var helblár í framan og út-tútnaðr, og Timóteus settist niðr aftr á asnann